



Viðtalsþættir vegna mats á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) metur hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sameiginlegar viðmiðunarreglur ESMA35-36-2319 og EBA/GL/2021/06, um mat á hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, útlista nánar kröfu um þekkingu, hæfni og reynslu sem aðilar eiga að búa yfir. Í viðmiðunarreglum EBA/GL/2021/05, um stjórnarhætti, er nánar kveðið á um hlutverk, ábyrgð og skyldur stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í starfsemi fjármálafyrirtækis. Stjórn ber sameiginlega ábyrgð á starfsemi fjármálafyrirtækis. Það er hins vegar mikilvægt að stjórnarmenn séu sjálfstæðir í hugsun og hafi hæfni til að meta, gagnrýna og hafa eftirlit með ákvarðanatöku í daglegri starfsemi fjármálafyrirtækis.

Í viðtali kannar fjármálaeftirlitið þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast hlutverki þeirra og ábyrgð og byggir mat sitt m.a. á upplýsingum sem þar koma fram.

Til glöggvunar á umfangi viðtals þá eru hér að neðan talin upp þau efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins, þó ekki sé um tæmandi viðtalsþætti að ræða. Neðst í skjali þessu má svo finna viðauka með leslista og ítarefni sem unnt er að styðjast við, við undirbúning viðtalsins.



I. Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum

1. Fjármálamarkaður

- Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja
- Sérstaða fjármálafyrirtækja
- Könnunar og matsferli fjármálafyrirtækja
- Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
- Viðskiptalíkan
- Helstu áhættur í starfsemi fjármálafyrirtækja
- Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar

- Stjórnskipulag fjármálafyrirtækis
- Hæfisskilyrði stjórnarmanna fjármálafyrirtækis
- Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanns
- Helstu verkefni og skyldur stjórnar fjármálafyrirtækis
- Starfsreglur stjórnar
- Helstu stefnur í starfsemi fjármálafyrirtækis
- Undirnefndir stjórnar (hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni)

3. Innra eftirliti

- Innra eftirlit fjármálafyrirtækja
- Hlutverk stjórnar í fyrirtækja- og áhættumeningu
- Þrjár varnarlínur innra eftirlits
- Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
- Hlutverk stjórnar í áhættustýringu
- Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar
- Hlutverk regluvörslu

4. Reikningsskil og endurskoðun

- Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
- Lög og reglur sem tengjast ársreikningum fjármálafyrirtækja
- Helstu alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum fjármálafyrirtækja
- Helstu aðferðir við mat eigna og helstu álitamál sem geta komið upp
- Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
- Hlutverk ytri endurskoðanda
- Hlutverk endurskoðunarnefndar

5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Sjálfstæði stjórnarmanna



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- Óhæði
- Sjálfstæði í hugsun
- Ákvörðunartaka
- Háttsemi og heilindi
- Hagsmunaárekstrar
- Hagsmunatengsl og vanhæfi
- Hæfni til að gegna starfi stjórnarmanns
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskylda



Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum

1. Fjármálamarkaður

- Helstu réttarheimildir sem gilda um starfsemi fjármálafyrirtækja
- Sérstaða fjármálafyrirtækja
- Könnunar og matsferli fjármálafyrirtækja
- Þekking á starfsemi þess félags sem viðtal snýr að
- Viðskiptalíkan
- Helstu áhættur í starfsemi fjármálafyrirtækja
- Áhrif alþjóðareglna og alþjóðlegs samstarfs á starfsemi fjármálafyrirtækja
- Hlutverk, ábyrgð og starfsemi fjármálaeftirlitsins

2. Stjórn, stjórnarhættir og ábyrgð stjórnar

- Stjórnskipulag fjármálafyrirtækis
- Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis
- Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna
- Hlutverk og ábyrgð framkvæmdastjóra
- Helstu verkefni og skyldur framkvæmdastjóra
- Helstu stefnur í starfsemi fjármálafyrirtækis

3. Innra eftirliti

- Innra eftirlit fjármálafyrirtækja
- Hlutverk framkvæmdastjóra í fyrirtækja- og áhættumeningu
- Þrjár varnarlínur innra eftirlits
- Hlutverk og ábyrgð innri endurskoðunar
- Hlutverk framkvæmdastjóra í áhættustýringu
- Hlutverk og ábyrgð starfssviðs áhættustýringar
- Hlutverk regluvörslu

4. Reikningsskil og endurskoðun

- Rammi fyrir gerð og framsetningu reikningsskila
- Lög og reglur sem tengjast ársreikningum fjármálafyrirtækja
- Helstu alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum fjármálafyrirtækja
- Helstu aðferðir við mat eigna og helstu álitamál sem geta komið upp
- Ábyrgð og eftirlit með reikningsskilum og endurskoðun
- Hlutverk ytri endurskoðanda
- Hlutverk endurskoðunarnefndar



5. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Háttsemi og heilindi
- Hagsmunaárekstrar
- Hagsmunatengsl og vanhæfi
- Hæfni til að gegna starfi framkvæmdastjóra
- Samfélagsleg ábyrgð



VIÐAUKI I

Leslisti

- Lög nr. 2/1995, um hlutafélög
- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki
 - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, ásamt síðari breytingum, sem hefur verið lögfest með 1. mgr. 1. gr. c laga um fjármálafyrirtæki
 - Reglur nr. 266/2017, um lausafjárhluftfall lánastofnana og síðari breytingar
 - Reglugerð nr. 50/2019, um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja
 - Reglur nr. 532/2003, um endurskoðun fjármálafyrirtækja
 - Reglur nr. 834/2003, um reikningsskil lánastofnana
 - Reglur nr. 102/2004, um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlana
 - Reglur nr. 388/2016, um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki
 - Reglur nr. 150/2017, um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja
- Lög nr. 3/2006, um ársreikninga
 - Viðeigandi alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
- Lög nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga
- Lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum
- Lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
 - Reglugerð nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- EES viðmiðunarreglur EBA/GL/2021/05, um innri stjórnarhætti
- Sameiginlegar EES viðmiðunarreglur ESMA35-36/2319 EBA/GL/2021/06, um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna
- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2010, um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki
- Viðmið FME 1/2020 – Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum



Ítarefni

Reglugerðir, reglur, viðmiðunarreglur og leiðbeinandi tilmæli er fylgja eftirfarandi lagabálkum:

- Viðeigandi lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemina auk leiðbeinandi tilmæla fjármálaeftirlitsins og viðeigandi EES-viðmiðunarreglna sem finna má á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Spurt og svarað/túlkarnir og gagnsæistilkynningar á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Siðfræði og samfélagsábyrgð eftir Øyvind Kvalnes

Uppfært 24. október 2022